

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>EES-ráðið</b>	
	2.	<b>Sameiginlega EES-nefndin</b>	
	3.	<b>Sameiginlega EES-þingmannanefndin</b>	
	4.	<b>Ráðgjafarnefnd EES</b>	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>Fastanefnd EFTA-rikkjanna</b>	
	2.	<b>Eftirlitsstofnun EFTA</b>	
<b>2010/EES/33/01</b>		Upplýsingar frá EFTA-rikkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu)) – GBER 17/2009/ENV – Noregur . . . . .	<b>1</b>
<b>2010/EES/33/02</b>		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 492/09/COL frá 2. desember 2009 – Kvörtun Norsk Lotteridrift ASA um meinta ríkisaðstoð við Norsk Tipping AS (Noregur) . . . . .	<b>3</b>
<b>2010/EES/33/03</b>		Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins – Liechtenstein . . . . .	<b>8</b>
<b>2010/EES/33/04</b>		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 02/10/COL frá 5. janúar 2010 um stöðu Noregs með tilliti til iðradreps og veirublaðis og um niðurfellingu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 302/08/COL frá 21. maí 2008 . . . . .	<b>9</b>
	3.	<b>EFTA-dómstóllinn</b>	
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>Ráðið</b>	
	2.	<b>Framkvæmdastjórnin</b>	
<b>2010/EES/33/05</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5839 – Schlumberger/Smith International) . . . . .	<b>12</b>
<b>2010/EES/33/06</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5865 – Teva/Ratiopharm) . . . . .	<b>13</b>

<b>2010/EES/33/07</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5904 – SAP/Sybase) . . . . .	14
<b>2010/EES/33/08</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5755 – Schneider Electric/Areva T&D) . . . . .	15
<b>2010/EES/33/09</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5796 – Eni/Mobil Oil Austria). . . . .	15
<b>2010/EES/33/10</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5807 – ENI/Fox Energy) . . . . .	16
<b>2010/EES/33/11</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5810 – Investor/Saab) . . . . .	16
<b>2010/EES/33/12</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5811 – Erste Bank/ASK) . . . . .	17
<b>2010/EES/33/13</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5834 – Coca-Cola Enterprises/Coca-Cola Drycker Sverige/Coca-Cola Drikker). . . . .	17
<b>2010/EES/33/14</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5843 – Eli Lilly/Certain Animal Health Assets of Pfizer) . . . . .	18
<b>2010/EES/33/15</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5856 – OCI/Certain fertilizer and related businesses of DSM) . . . . .	18
<b>2010/EES/33/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5860 – Cooper/Danaher/JV) . . . . .	19
<b>2010/EES/33/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5873 – Advent/DFS Furniture Company) . . . . .	19
<b>2010/EES/33/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5874 – Barclays/Blackstone/Portfolio Hotels) . . . . .	20
<b>2010/EES/33/19</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2002/40/EB . . . . .	20

### **3. Dómstóllinn**

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**Upplýsingar frá EFTA-rikkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu))** 2010/EES/33/01

### I. HLUTI

Tilvísunarnúmer aðstoðar	GBER 17/2009/ENV	
Aðildarríki	Noregur	
Hérað	Heiti héraðs ( <i>NUTS</i> )	Staða með tilliti til byggðaaðstoðar Nær til landsins alls
Úthlutunarstofnun	Heiti	Statens vegvesen
	Póstfang: Vefsetur:	Postboks 8142 Dep, N-0033 Oslo, Norway <a href="http://www.vegvesen.no">http://www.vegvesen.no</a>
Fyrirsögn aðstoðarráðstöfunar	Transnova	
Innlend lagaákvæði (tilvísun til opinberrar útgáfu lagaákvæðanna)	Fjárveiting þingsins fyrir fjárlagaárið 2009	
Vefslóð að heildartexta aðstoðarákvæðanna	<a href="http://www.transnova.no">http://www.transnova.no</a>	
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi	Já
Breyting á gildandi aðstoðarákvæðum		Nei
Gildistími	Aðstoðarkerfi	Fjárveitingar þingsins eru til eins árs í einu, en gert er ráð fyrir 3 ára starfstíma
Úthlutunardagur		Yfirferð umsókna stendur yfir og styrkjum verður úthlutað í lok árs (2009)
Hlutgengar atvinnugreinar	Allar atvinnugreinar sem eiga rétt á aðstoð	Allar atvinnugreinar; fyrirtæki, opinberar stofnanir og fjáls félagsamtök
	Takmarkað við tilteknar greinar	
Tegund viðtakanda	Lítill og meðalstór fyrirtæki	×
	Stórfyrirtæki	×
Fjárveiting	Fyrirhuguð árleg heildarfjárveiting til kerfisins	50 millj. no. kr. á ári
Aðstoðarform (5. gr.)		
	Styrkur	×

## II. HLUTI

Almenn markmið	Markmið	Hámarksaðstoðarlutfall í % eða hámarksaðstoðarfjárhæð í gjaldmiðli landsins	Viðbótaraðstoð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í %	
Að stuðla að því að sjálfbærar lausnir komi í stað jarðefnaeldsneytis í samgöngum	Úthlutað verður styrkjum til verkefna undir því hámarki sem mælt er fyrir um í reglugerð 800/2008, 6. gr., og um aðstoðarlutfall fer eftir viðkomandi ákvæðum reglugerðarinnar. Ákvarðanir um styrki verða teknar með hliðsjón af ávinningi af verkefnum, gæðum umsókna og forgangsmarkmiðum innanlands			
Aðstoð til umhverfisverndar (17.–25. gr.)	Fjárfestingaraðstoð sem gerir fyrirtækjum kleift að ganga lengra en krafist er í reglum Evrópubandalaganna um umhverfisvernd eða auka umhverfisvernd í þeim tilvikum að engum slíkum reglum er til að dreifa (18. gr.)	Mest 35%	10% eða 20%	
	Aðstoð til kaupa á nýjum samgöngutækjum með búnaði sem gengur lengra en krafist er í reglum Evrópubandalaganna eða leiðir til aukinnar umhverfisverndar í þeim tilvikum að engum slíkum reglum er til að dreifa (19. gr.)	Mest 35%	10% eða 20%	
	Aðstoð til að taka snemma upp væntanlegar reglur Evrópubandalaganna (20. gr.)	Mest 15%		
	Fjárfestingaraðstoð í umhverfisverndarskyni, veitt til að stuðla að orkusparnaði (21. gr.)	Mest 60% eða 20%	10% eða 20%	
	Fjárfestingaraðstoð í umhverfisverndarskyni, veitt til að stuðla að orkuframleiðslu með endurnýjanlegum orkugjöfum (23. gr.)	45%	10% eða 20%	
	Aðstoð til athugana á umhverfisáhrifum (24. gr.)	Mest 50%	10% eða 20%	
Aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar (30.–37. gr.)	Aðstoð til rannsókna- og þróunarverkefna (31. gr.)	Grunnrannsóknir (stafl. a) í 2. mgr. 31. gr.)	Mest 100%	
		Iðnrannsóknir (stafl. b) í 2. mgr. 31. gr.)	Mest 50%	10% eða 20% Styrkuki vegna samstarfsverkefna 15%
		Þróunarstarf (stafl. c) í 2. mgr. 31. gr.)	25%	10% eða 20% Styrkuki vegna samstarfsverkefna 15%

## ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2010/EES/33/02

492/09/COL

frá 2. desember 2009

## Kvörtun Norsk Lotteridrift ASA um meinta ríkisaðstoð við Norsk Tipping AS

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN <sup>(1)</sup>

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið <sup>(2)</sup>, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls <sup>(3)</sup>, einkum ákvæða 24. gr.,

með vísan til 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól <sup>(4)</sup>,

með vísan til leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins, <sup>(5)</sup>

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

## I. MÁLSATVIK

## 1. Málsmeðferð

Eftirlitsstofnun EFTA barst 12. október 2004 kvörtun frá Norsk Lotteridrift ASA um meinta ríkisaðstoð við Norsk Tipping AS (skjalnr. 295765).

Eftirlitsstofnun EFTA óskaði eftir ítarlegri upplýsingum frá kvartanda um tiltekin atriði í bréfi dagsettu 22. október 2004 (skjalnr. 296715).

Kvartandi sendi Eftirlitsstofnun EFTA svör við spurningunum í bréfi dagsettu 15. nóvember 2004 (skjalnr. 299345).

Eftirlitsstofnun EFTA sendi stjórnvöldum í Noregi afrit af kvörtuninni með bréfi dagsettu 8. desember 2004 (skjalnr. 300861) og óskaði eftir athugasemdum og ítarlegri upplýsingum.

Stjórnvöld í Noregi sendu Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir og ítarlegri upplýsingar í bréfi dagsettu 10. febrúar 2005 (skjalnr. 308469).

Ekki kom til annarra bréfaskipta eftir þann tíma.

Lögmaður kvartanda tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA með bréfi dagsettu 12. mars 2008 (skjalnr. 469510) að Norsk Lotteridrift ASA hefði verið tekið til slitameðferðar og kysi ekki að fylgja kvörtuninni eftir, og var kvörtunin því afturkölluð.

<sup>(1)</sup> [Á ekki við í íslensku þýðingunni.]

<sup>(2)</sup> „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(3)</sup> „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(4)</sup> „Bókun 3“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(5)</sup> Leiðbeiningar um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1. Þær nefnast „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrétt gerð Leiðbeininga um ríkisaðstoð (á ensku) er birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines>.

## 2. Málsástæður að baki kvörtuninni

Norsk Lotteridrift ASA var umsvifamest norskra fyrirtækja á sviði svonefndra söfnunarkassa. Norsk Tipping AS er stærsta spilafyrirtæki í Noregi og er að fullu í eigu norska ríkisins. Norsk Tipping AS hóf ekki rekstur söfnunarkassa fyrr en árið 2003.

Í júní það ár voru sett lög sem færðu Norsk Tipping AS einkarétt á rekstri véla af þessu tagi. Eftir 1. janúar 2006 átti Norsk Tipping AS að vera eina fyrirtækið sem ræki söfnunarkassa í Noregi.

Á aðlögunartímanum frá júní 2003 til 1. janúar 2006 hóf Norsk Tipping AS rekstur fyrstu söfnunarkassanna en starfandi fyrirtæki á þessu sviði neyddust til að hætta smám saman rekstri á þessum markaði um leið og leyfi til rekstrar vélanna runnu út. Á aðlögunartímanum voru Norsk Lotteridrift ASA og Norsk Tipping AS því keppinautar á markaði. Nú er svo komið að Norsk Tipping AS nýtur einkaréttar á rekstri söfnunarkassa í Noregi <sup>(6)</sup>.

Kvörtun Norsk Lotteridrift ASA byggðist á því að samkeppni hefði ríkt milli Norsk Tipping AS og annarra rekenda söfnunarkassa og við þær aðstæður hefðu tvenns konar ráðstafanir í þágu Norsk Tipping AS leitt til röskunar á samkeppni og haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins.

Kvartandi vísaði til eftirtalinna tveggja atriða:

- Í fyrsta lagi hefði Norsk Tipping AS ekki greitt tekjuskatt fyrirtækja en einkafyrirtækjum á markaðnum hefði verið gert að greiða þann skatt (2.1).
- Í öðru lagi taldi kvartandi að Norsk Tipping AS hefði haft miklu meira svigrúm til að ákveða hversu stór hluti tekna skyldi greiddur til góðgerðastofnana þar eð fyrirtækið hefði greitt framlög sín til góðgerðamála af nettóhagnaði en einkafyrirtækjum hefði verið skylt að verja 40% tekna af hverri vél til góðgerðamála (2.2).

### 2.1. Undanþága frá tekjuskatti fyrirtækja

Samkvæmt 3. tölul. (áður 5. tölul.) stafl. g í 1. mgr. greinar 2-30 í skattalögum nr. 14 frá 26. mars 1999 var Norsk Tipping AS undanþegið tekjuskatti fyrirtækja. Það ákvæði ber að túlka með hliðsjón af lögum nr. 103 frá 28. ágúst 1999 um fjárhættuspil („lög um fjárhættuspil“ í því sem hér fer á eftir), en samkvæmt þeim var Norsk Tipping AS skylt að greiða út allan hagnað sinn, að frádregnum þeim hluta hagnaðarins sem ráðstafað var í fjárfestingarsjóð <sup>(7)</sup>.

Kvartandi – sem var í hópi þeirra fyrirtækja sem var skylt að greiða tekjuskatt fyrirtækja – taldi að það jafngilti ríkisaðstoð að veita Norsk Tipping AS undanþágu af þessu tagi.

### 2.2. Möguleikar Norsk Tipping AS á að ákvarða eigin hagnað

Samkvæmt reglugerð nr. 960 frá 22. september 2000 um heimild til að reka söfnunarkassa skyldi slík heimild veitt með eftirtöldum skilyrðum: Að minnsta kosti 40% hagnaðar af hverri vél skyldi varið til góðgerðamála, eigi meira en 20% skyldu renna til eiganda húsakynnanna þar sem vélarnar eru staðsettar og eigi meira en 40% skyldu verða eftir hjá rekanda vélanna. Reglugerðin tók ekki til Norsk Tipping AS <sup>(8)</sup>.

Um starfsemi þess fyrirtækis fór eftir ákvæðum laga um fjárhættuspil, en samkvæmt þeim skyldi hagnaður Norsk Tipping AS renna til góðgerðamála að frádregnum þeim hluta hagnaðarins sem ráðstafað væri í fjárfestingarsjóð.

Kvartandi taldi að Norsk Tipping AS hefði miklu meira svigrúm að þessu leyti en keppinautar fyrirtækisins. Röksemdir kvartanda voru á þessa leið: „Er það tvennt ólíkt að greiða til góðgerðastarfsemi hluta af hreinum hagnaði af allri starfsemi fyrirtækis eða fast hlutfall af hagnaði af hverri vél óháð almennri arðsemi fyrirtækisins.“ Norsk Lotteridrift ASA taldi að

<sup>(6)</sup> EFTA-dómstóllinn hefur staðfest réttmæti þess að veita einkaleyfið, sjá mál E-1/06 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn norska ríkinu* [2007] EFTA Ct. Rep. 20.

<sup>(7)</sup> Sú ráðstöfun hefur þann tilgang að tryggja fyrirtækinu nægilegt fjármagn til fjárfestinga.

<sup>(8)</sup> Ákvæði reglugerðarinnar hafa breyst verulega frá því að kvörtunin var lögð fram, en Eftirlitsstofnun EFTA telur ekki nauðsynlegt að lýsa þeim breytingum í þessu sambengi.

Norsk Tipping AS hefði meira svigrúm til að ákveða hversu miklir fjármunir væru til ráðstöfunar og einkum til að ákveða fjárfestingar þegar nýrra fjárfestinga væri þörf. Í lögnum var ekki takmarkað á neinn hátt hversu miklu fé mætti ráðstafa í fjárfestingarsjóð og engar lágmarkskröfur gerðar um greiðslur til góðgerðastofnana. Norsk Tipping AS átti þess kost að ráðstafa fjármunum í fjárfestingasjóð eftir þörfum en keppinautum fyrirtækisins, svo sem Norsk Lotteridrift ASA, var þrengri stakkur skorinn.

Kvartandi taldi að hagræði af þessu tagi fæli í sér aðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins.

## II. MAT

### Er um ríkisaðstoð að ræða?

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

*„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“*

Við mat á kvörtuninni mun Eftirlitsstofnun EFTA taka tilgreindar málsástæður til athugunar hvorar í sínu lagi.

#### 1. Undanþága frá tekjuskatti fyrirtækja

Ráðstöfunin verður að vera aðstoð sem ríkið veitir eða veitt er af ríkisfjármunum.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að með veitingu undanþágunnar hafi norska ríkið orðið af skatttekjum sem það hefði fengið að öðrum kosti. Þeir fjármunir voru því ekki til ráðstöfunar, en það jafngildir því að ríkisfjármunir hafi verið nýttir til að standa undir útgjöldum sem að jafnaði eru greidd af rekstrarreikningi fyrirtækja <sup>(9)</sup>. Lækkun skatttekna jafngildir því að gengið sé á ríkisfjármuni með útgjaldaaukningu <sup>(10)</sup>. Eftirlitsstofnun EFTA lítur því svo á að undanþága Norsk Tipping AS frá tekjuskatti hafi frá upphafi falið í sér að gengið væri á ríkisfjármuni.

Ráðstöfunin verður einnig að vera sértæk í þeim skilningi að hún ívilni „ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara“. Til þess að skera úr um hvort ráðstöfun er sértæk mun Eftirlitsstofnun EFTA taka til athugunar hvort ráðstöfunin leiði í tilteknu lagaumhverfi til hagræðis fyrir fyrirtækið í samanburði við önnur fyrirtæki sem búa við sambærilega lagalega stöðu og þegar litið er til málsatvika. Í þessu tilliti er nauðsynlegt að skera fyrst úr um hvað er venjuleg eða eðlileg regla í skattkerfinu sem rétt telst að taka mið af.

Að áliti Eftirlitsstofnunar EFTA er reglakerfið, sem taka ber mið af í tengslum við mat á því hvort ráðstöfunin er sértæk, ákvæði norsku skattalaganna, en þau hafa að geyma sérstaka undanþágu til handa Norsk Tipping AS, sbr. 3. tölul. stafl. g í 1. mgr. greinar 2-30.

Það er með vísan til venjulegra eða „eðlilegra“ skattareglna sem Eftirlitsstofnun EFTA verður, í öðru lagi, að meta og ákvarða hvort hagræðið, sem skattaráðstöfunin hefur í för með sér, geti talist sértækt með því að sýna fram á að ráðstöfunin feli í sér undanþágu frá hinum venjulegu reglum þannig að greinarmunur sé gerður á atvinnurekendum sem eru í sambærilegri stöðu, í lagalegum skilningi og að því er málsatvik varðar, með vísan til grundvallarmarkmiða skattkerfisins í viðkomandi EFTA-ríki.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að við fyrstu sýn virðist undanþágan sértæk, enda nýtur Norsk Tipping undanþágu eitt fyrirtækja.

Eins og þegar hefur verið nefnt gilda sérstakar reglur um starfsemi Norsk Tipping AS, og raunar hvers kyns spilastarfsemi í Noregi. Slíkum rekstri eru ýmis takmörk sett, og lúta þau að

<sup>(9)</sup> Mál C-156/98 þýska ríkið gegn framkvæmdastjórn [2000] ECR I-6857, sjá 26. mgr.

<sup>(10)</sup> Sjá m.a. 3. mgr. 3. undirkafla í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart ráðstöfunum varðandi beina skattlagningu fyrirtækja.

Því hverjum er heimilt að bjóða spilabjónustu, útfærslu þjónustunnar og loks hvernig tekjum af spilastarfseminni er varið. Nú er raunar svo komið að engum öðrum er heimilt að bjóða sams konar spil og Norsk Tipping AS þar eð það fyrirtæki nýtur einkaréttar á rekstri nokkurra mismunandi peningaspila. Bæði Evrópudómstóllinn og EFTA-dómstóllinn hafa samþykkt slíkar lögbundnar takmarkanir, hvort sem þær varða aðgang að markaði eða útfærslu þjónustunnar, með vísan til siðferðilegra, trúarlegra og menningarlegra atriða auk þeirra skaðlegu siðferðilegu og fjárhagslegu afleiðinga sem spil geta haft fyrir einstakling og samfélag <sup>(11)</sup>.

Áður en reglurnar um einkarétt á rekstri söfnunarkassa voru teknar upp störfuðu kvartandi, Norsk Lotteridrift ASA, og önnur einkafyrirtæki á sviði spilavéla samhliða á þeim markaði og féllu undir reglur um venjulegan tekjuskatt auk hinna sérstöku reglna um rekstur söfnunarkassa sem mæltu fyrir um að halda mætti eftir allt að 40% hagnaðar af hverjum kassa <sup>(12)</sup>.

Seljendur annarrar spilabjónustu falla undir aðrar reglur, til að mynda Norsk Rikstoto, sem rekur veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar, og góðgerðastofnanir sem reka ýmsar tegundir happdrættis. Þessir seljendur annarrar spilabjónustu eiga það sameiginlegt að öllum hagnaði af þjónustunni ber í grundvallaratriðum að verja til tilgreindra góðgerðamála. Sú tilhögun, sem áður var við lýði að því er varðaði söfnunarkassa, var því einstök að því leyti að einkafyrirtækjum var heimilt að halda eftir hagnaði af peningaspili.

Norsk Tipping AS er samkvæmt lögum óheimilt að halda eftir nokkrum hagnaði og eru fjármunirnir þess í stað notaðir til styrktar íþróttar- og menningarstarfi, og frá árinu 2006 einnig starfsemi á sviði mannúðar- og samfélagsmála, sbr. 10. gr. laga um fjárhættuspil nr. 103 frá 28. ágúst 1992 (*lov om pengespill*). Að því er varðar Norsk Tipping AS háttar því svo til að í stað þess að fyrirtækið greiði venjulegan tekjuskatt er innheimtur hjá því annars konar „skattur“.

Afleiðingin er sú að þótt Norsk Tipping njóti undanþágu frá tekjuskatti fellur hagnaður fyrirtækisins undir annars konar gjaldtöku og það getur því ekki haldið honum eftir. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að við þessar málsaðstæður sé réttlæt看legt að Norsk Tipping njóti sérstakrar meðferðar með vísan til þeirrar hugsunar að baki kerfinu að greiða út hagnað spilafyrirtækisins sem nýtur ríkiseinkaréttar.

Í samræmi við þetta, og með hliðsjón af sérstöku eðli spilabjónustu og reglum sem um hana gilda, lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að staða Norsk Tipping AS sé í lagalegum skilningi, og að því er málsatvik, ekki sambærileg við stöðu fyrirtækja sem greiða venjulegan tekjuskatt hvort sem þar er um að ræða einkafyrirtæki sem áður ráku söfnunarkassa eða önnur fyrirtæki sem rekin eru í hagnaðarskyni. Undanþága Norsk Tipping AS frá venjulegum tekjuskatti felur því ekki í sér ríkisadstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins.

## 2. Möguleikar Norsk Tipping AS á að ákvarða eigin hagnað

Síðara atriðið, sem vísað var til í kvörtuninni, var að Norsk Tipping AS hefði haft meira svigrúm að því er varðaði ákvörðun hagnaðartalna en einkafyrirtæki sem ráku söfnunarkassa. Einkafyrirtækjum hefði verið skylt að verja 40% hagnaðar af hverjum söfnunarkassa til góðgerðamála en Norsk Tipping AS hefði greitt allan hagnað sinn til góðgerðamála. Fjárhæð þess hagnaðar hefði hins vegar ráðist að miklu leyti af því hversu miklu fé Norsk Tipping AS hefði ráðstafað í fjárfestingarsjóð og almennt af því hvernig fyrirtækið varði fjármununum. Kvartandi taldi þannig að einkafyrirtæki hefðu ekki getað farið eins að þar eð þau nutu einskis sveigjanleika að því er varðaði greiðslur til góðgerðamála.

Eftirlitsstofnun EFTA fær ekki séð að með þessu hafi verið gengið á ríkisfjármuni í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Í samræmi við niðurstöðu Evrópudómstólsins í *PreussenElektra*-málinu <sup>(13)</sup> lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að sú skylda að greiða tiltekinn hluta hagnaðar til góðgerðamála teljist ríkisafskipti sem leiði af norskri reglugerð um tilhögun fjárfestingasjóðs Norsk Tipping AS nr. 797 frá 8. júní 1998 en feli ekki í sér að ríkið verði af tekjum <sup>(14)</sup>. Þá eiga jafnframt við í þessu tilliti sömu sjónarmið og áður að því er varðar það hvort ráðstöfunin er sértæk, meðal annars það, sem þegar hefur verið nefnt, að staða einkafyrirtækja, sem reka spilavélar, og Norsk Tipping AS er ekki sambærileg.

<sup>(11)</sup> Sjá mál E-1/06 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn norska ríkinu*, sem vísað er til hér á undan, 29. mgr. um nánari tilvísanir.

<sup>(12)</sup> Hin 60% skiptust milli góðgerðarstofnunarinnar og eiganda húsakynnanna, sjá kaflann „Málsatvik“ hér á undan.

<sup>(13)</sup> Mál C-379/98 *PreussenElektra AG v Schleswag AG* [2001] ECR-I 2099, 54.–67. mgr.

<sup>(14)</sup> Lagalegur grundvöllur þeirrar reglugerðar er 10. gr. laga um fjárhættuspil.



**3. Niðurstaða**

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að undanþága Norsk Tipping AS frá álagningu venjulegs tekjuskatts og möguleikar fyrirtækisins á að ákvarða eigin hagnað feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Skattundanþágan, sem Norsk Tipping AS nýtur samkvæmt 3. tölul. stafl. g í 1. mgr. greinar 2-30 í norskum skattalögum, og möguleikar fyrirtækisins á að ákvarða eigin hagnað teljast ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

*3. gr.*

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 2. desember 2009.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

***Per Sanderud***

Forseti

***Kristján Andri Stefánsson***

Stjórnarmaður

**Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins****2010/EES/33/03**

Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að eftirgreindar ráðstafanir feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

**Dagsetning ákvörðunar:** 16. desember 2009

**Málsnúmer:** 48093

**EFTA-ríki:** Liechtenstein

**Tegund aðstoðar:** Á ekki við

**Atvinnugreinar:** Flutningar með hóp bifreiðum

**Heiti og póstfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð:** Liechtenstein Bus Anstalt, Städtle 17, FL-9490 Vaduz

**Nánari upplýsingar:** –

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register>

## ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2010/EES/33/04

02/10/COL

frá 5. janúar 2010

**um stöðu Noregs með tilliti til iðradreps og veirublæðis og um niðurfellingu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 302/08/COL frá 21. maí 2008**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, einkum ákvæða 109. gr. og bókar 1,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum ákvæða staflíðar d) í 2. mgr. 5. gr. og bókar 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 5a í hluta 4.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

*Tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum,*

með aðlögunarákvæðum samkvæmt bókun 1 við EES-samninginn, einkum 50. gr. gerðarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í bréfi stjórnvalda í Noregi dagsettu 3. maí 1994 komu fram viðeigandi röksemdir fyrir því að veita yfirráðasvæði ríkisins stöðu viðurkennds svæðis með tilliti til iðradreps og veirublæðis, ásamt norskum reglum sem eiga að tryggja að skilyrðum til að halda stöðu viðurkennds svæðis sé fullnægt.

Noregur öðlaðist stöðu viðurkennds meginlandssvæðis og viðurkennds strandsvæðis fyrir fisk með tilliti til iðradreps og veirublæðis með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 71/94/COL frá 27. júní 1994. Eftir að tilkynning barst um að veirublæði hefði greinst í Mæra- og Raumsdalssýslu í Noregi, hinn 26. nóvember 2007, var ákvörðun 71/94/COL frá 27. júní 1994, með áorðnum breytingum, síðast samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 244/02/COL frá 11. desember 2002, felld úr gildi með ákvörðun 302/08/COL frá 21. maí 2008, en í henni var kveðið á um að þau landsvæði í Noregi, sem talin voru upp í viðauka við ákvörðunina, hefðu stöðu viðurkennds meginlandssvæðis og viðurkennds strandsvæðis fyrir fisk með tilliti til iðradreps og veirublæðis.

Hinn 11. júlí 2008 var staðfest að veirublæði hefði komið upp á strandsvæðum í Storfjorden í Noregi. Lögbær yfirvöld í Noregi hafa tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að uppræta sjúkdóminn og hindra útbreiðslu hans.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur metið upplýsingarnar, sem bárust frá lögbærum yfirvöldum í Noregi, og virðist mega álykta, að svo komnu máli, að gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir. Þá hefur stofnunin tekið málið upp við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og ekkert hefur breyst í Noregi með tilliti til iðradreps.

Það er skoðun Eftirlitsstofnunar EFTA að rétt sé að Noregur haldi stöðu viðurkennds meginlandssvæðis og viðurkennds strandsvæðis fyrir fisk með tilliti til iðradreps og veirublæðis, að frátöldum svæðunum sem talin eru upp í meðfylgjandi viðauka.

Ráðstafanir, sem kveðið er á um í ákvörðun þessari, eru í samræmi við álit dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Noregur hefur stöðu viðurkennds meginlandssvæðis og viðurkennds strandsvæðis fyrir fisk með tilliti til iðradreps og veirublæðis, að frátöldum svæðunum sem talin eru upp í viðauka með ákvörðun þessari.

*2. gr.*

Felld er úr gildi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 302/08/COL frá 21. maí 2008 um stöðu Noregs með tilliti til iðradreps og veirublæðis.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. janúar 2010.

*4. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

*5. gr.*

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 5. janúar 2010.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

***Kurt Jaeger***

Stjórnarmaður

***Xavier Lewis***

framkvæmdastjóri

*VIÐAUKI*

## Iðradrep

Noregur, þó ekki hinn norski hluti vatnasviða Grense Jacobselv og Pasvik-árinnar, ásamt vatnsföllum þar á milli og aðliggjandi strandsvæðum.

## Veirublæði

Noregur, þó ekki eftirtalin svæði:

- 1) Hinn norski hluti vatnasviða Grense Jacobselv og Pasvik-árinnar, ásamt öllum vatnsföllum þar á milli og aðliggjandi strandsvæðum.
- 2) Noregur, þó ekki strandsvæði í Storfjorden (í sveitarfélögunum Ørskog, Sykkylven, Stordal, Stranda og Norddal) sem afmarkast í vestri af línu sem dregin er milli Røneset í sveitarfélaginu Sykkylven og Giljeneset í sveitarfélaginu Ørskog. Undanskilinn er sá hluti fjarðarins sem liggur austan línunnar, að meðtalinni sjávarfallalínu, fiskeldisstöðvum á landi sem nota sjó við eldið og landstöðvar og bryggjur fiskeldisstöðva í firðinum. Önnur svæði, sem hafa ekki stöðu viðurkennds svæðis, eru þeir hlutar vatnasviðanna sem taka yfir vatnsföll sem tæmast í varnarsvæðið og fiskur gengur í, svo og allar fiskeldisstöðvar á þeim hlutum vatnasviðanna sem fiskur gengur í.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.5839 – Schlumberger/Smith International)**

**2010/EES/33/05**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. júní 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Schlumberger Limited („Schlumberger“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í bandaríska fyrirtækinu Smith International, Inc. („Smith“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Schlumberger: sala lausna á sviði tæknibúnaðar, verkefnastjórnar og upplýsingatækni til olíu- og gasvinnslufyrirtækja
  - Smith: sala á tæknibúnaði, vörum og þjónustu til notkunar við olíu- og gasleit og undirbúning og framkvæmd olíu- og gasvinnslu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 166, 25. júní 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5839 – Schlumberger/Smith International, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.5865 – Teva/Ratiopharm)**

2010/EES/33/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. júní 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ísraelska fyrirtækið Teva Pharmaceutical Industries Limited („Teva“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýsku fyrirtækjunum Merckle GmbH, CT Arzneimittel GmbH og AbZ-Pharma GmbH (einu nafni „Ratiopharm“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Teva: þróun, framleiðsla og markaðssetning á samheitalyfjum og frumlyfjum, svo og líftæknilyfjum og virkum innihaldsefnum lyfja
  - Ratiopharm: þróun, framleiðsla og markaðssetning á samheitalyfjum og líftæknilyfjum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 163, 23. júní 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5865 – Teva/Ratiopharm, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.5904 – SAP/Sybase)**

2010/EES/33/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. júní 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið SAP AG öðlast með yfirtökubóði að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í bandaríska fyrirtækinu Sybase.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - SAP: lausnir á sviði verkbúnaðar fyrir fyrirtæki, að meðtalinni notendapjónustu, ráðgjöf, viðhaldi og annarri tilheyrandi þjónustu
  - Sybase: sala á hugbúnaði, með sérstakri áherslu á gagnagrunna, gagnastýringu/miðbúnað og hugbúnað í fartæki
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 164, 24. júní 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5904 – SAP/Sybase, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).



**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/33/08**  
**(mál COMP/M.5755 – Schneider Electric/Areva T&D)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 26. mars 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5755. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/33/09**  
**(mál COMP/M.5796 – Eni/Mobil Oil Austria)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 27. maí 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5796. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/33/10**  
**(mál COMP/M.5807 – Eni/Fox Energy)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 2. júní 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5807. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/33/11**  
**(mál COMP/M.5810 – Investor/Saab)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 20. maí 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5810. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/33/12**  
**(mál COMP/M.5811 – Erste Bank/ASK)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 27. maí 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5811. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/33/13**  
**(mál COMP/M.5834 – Coca-Cola Enterprises/Coca-Cola Drycker Sverige/Coca-Cola Drikker)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 18. maí 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5834. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/33/14**  
**(mál COMP/M.5843 – Eli Lilly/Certain Animal Health Assets of Pfizer)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 21. maí 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5843. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/33/15**  
**(mál COMP/M.5856 – OCI/Certain fertilizer and related businesses of DSM)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 25. maí 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5856. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/33/16**  
**(mál COMP/M.5860 – Cooper/Danaher/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 2. júní 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5860. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/33/17**  
**(mál COMP/M.5873 – Advent/DFS Furniture Company)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 2. júní 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5873. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/33/18**  
**(mál COMP/M.5874 – Barclays/Blackstone/Portfolio Hotels)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 21. maí 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5874. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar** **2010/EES/33/19**  
**2002/40/EB**

*(Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samræmdra staðla samkvæmt tilskipuninni)*

Evrópsk staðlasamtök <sup>(1)</sup>	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
Cenelec	EN 50304:2009 Rafmagnseldavélar, -helluborð, -bakaraofnar og -grill fyrir heimili – Aðferðir til að mæla nothæfi (IEC 60350:1999 (Breytt) + A1:2005 (Breytt) + A2:2008 (Breytt))	EN 50304:2001  Athugasemd 2.1	Liðinn (1.12.2009)

<sup>(1)</sup> CEN: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25500811, bréfasími +32 25500819 (<http://www.cen.eu>)  
 CENELEC: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25196871, bréfasími +32 25196919 (<http://www.cenelec.eu>)  
 ETSI: 650, route des Lucioles, F-06921 Sophia Antipolis, FRANCE, sími +33 492944200, bréfasími +33 493654716 (<http://www.etsi.eu>)

Athugasemd 1: Síðasti dagur ætlaðs samræmis er yfirleitt sami dagur og afturköllunardagurinn (date of withdrawal eða „dow“) sem evrópsku staðlasamtökin ákveða, en athygli notenda þessara staðla skal vakin á að sérstakar undantekningar geta verið frá þessu.

Athugasemd 2.1: Nýi (eða breytti) staðallinn hefur sama gildissvið og sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.

Athugasemd 3: Þegar breytingar eru gerðar er vísað til staðalsins með númerinu EN CCCCC:YYYY ásamt eldri breytingum, ef einhverjar eru, og nýju breytingunni. Staðallinn, sem leystur er af hólmi (3. dálkur), er því EN CCCCC:YYYY ásamt áorðnum breytingum, ef einhverjar eru, en án nýju breytingarinnar. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.